

**Fundargerð 112. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn á Teams, 13. apríl 2026, kl. 13:00**

**Dagskrá:**

1. Áhersluverkefni landshluta
2. Þjónustukönnun Byggðastofnunar
3. Mælaborð Byggðastofnunar
4. Endurskoðun byggðaáætlunar
5. Önnur mál

**Mætt:** Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Áshildur Linnet (FRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MNH), Bjarki Pétursson (ATRN), Dagný Arnarsdóttir (URN), Guðjón Björn Guðbjartsson (FOR), Guðný Hrafnkelsdóttir (ATRN), Kristrún Friðriksdóttir (DMR), Margrét Erlendsdóttir (HRN), Óli Halldórsson (MNH), Páll Brynjarsson (SSV), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun), Valgerður Rún Benediksdóttir (sambandinu), Þór Hauksson Reykdal (MRN), Þorkell Stefánsson (Byggðastofnun) og Heba Guðmundsdóttir, verkefnastjóri (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

**Fjarverandi:** Sigríður Eysteinsdóttir (UTN).

Formaður setti fundinn og hóf boðaða dagskrá.

Þorkell Stefánsson vék af fundi eftir lið þrjú.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Áhersluverkefni landshluta**

Fyrir fundinn höfðu fulltrúar fengið til yfirlestrar eitt áhersluverkefni frá SSNE en eitt af verkefnum stýrihópsins samkvæmt erindisbréfi er að staðfesta áhersluverkefni landshluta. Sá háttur er hafður á að fulltrúar ráðuneyta skoði sérstaklega vel þau verkefni sem tilheyra ábyrgðarsviði þeirra og eftir atvikum upplýsa sitt samstarfsfólk um þau. Verkefnið var staðfest án athugasemda.

**2. Þjónustukönnun Byggðastofnunar**

Þorkell Stefánsson hjá Byggðastofnun kynnti þjónustukönnun Byggðastofnunar, nýja skýrslu um vinnu- og þjónustusókn íbúa landsins. Skýrslan byggir á þjónustukönnun sem framkvæmd var árið 2024 meðal tæplega sjö þúsund íbúa utan höfuðborgarsvæðisins og gefur ítarlega mynd af því hvar íbúarnir sækja vinnu og ýmsa þjónustu. Skýrslan um vinnu- og þjónustusókn er sú fyrri af tveimur um þjónustukönnun Byggðastofnunar. Síðari skýrslan, sem fjallar um viðhorf íbúa til þjónustu og væntingar til breytinga á þjónustuframboði, verður birt síðar á þessu ári. Góðar og gagnlegar umræður sköpuðust en

Þjónustukannanir eru mikilvægur liður í að fylgjast með aðgengi íbúa að þjónustu og styðja við stefnumótun í byggðamálum.

### **3. Mælaborð Byggðastofnunar**

Þorkell Stefánsson hjá Byggðastofnun kynnti mælaborð Byggðastofnunar en vinna stendur yfir hjá Byggðastofnun við að færa nánari upplýsingar um ráðstöfun fjármuna í gegnum sóknaráætlanir landshlutanna í mælaborðið þannig að hægt verði að sjá með skýrari hætti dreifingu styrkja úr uppbyggingasjóði og áhersluverkefna niður á svæði innan landshlutanna.

### **4. Endurskoðun byggðaáætlunar**

Formaður fór yfir stöðu við endurskoðun byggðaáætlunar. Stýrihópurinn fer með stórt hlutverk við mótun nýrrar byggðastefnu. Hlutverk hans skv. 6. gr. laga nr. 30/2023 um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði innviða er að „efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins, tryggja aðkomu allra ráðuneyta að undirbúningi byggðastefnu og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið.“ Stýrihópurinn vinnur nú að því að samhæfa byggðaáætlun við viðeigandi stefnur og áætlanir annarra ráðuneyta og stefnt er að því að áfram muni öll ráðuneyti hafa beina aðkomu að nýrri byggðaáætlun.

Nú stendur yfir samráð með öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga og íbúum landshlutanna um endurskoðun byggðaáætlunar og hafa fulltrúar innviðaráðuneytisins og Byggðastofnunar boðað til funda í öllum landshlutum til að fara yfir helstu áherslur í drögunum og kalla eftir sjónarmiðum frá fundargestum. Umræður og ábendingar sem fram koma á fundunum verða nýttar við áframhaldandi vinnu og munu m.a. liggja til grundvallar efni í hvítbók sem sett verður í samráðsgátt stjórnvalda í lok maí. Samráði í þessum fasa lýkur í nú í apríl.

### **5. Önnur mál**

Samkvæmt áætlun er næsti fundur stýrihópsins á dagskrá 4. maí nk. Formaður lagði til að fundurinn verði staðfundur og hefjist kl. 14:00. Annað var ekki rætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30.